

Nd.

580. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til laga um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál og sent það til umsagnar Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Bréf sambandsins er prentað með nefndarálitinu sem forskj.

Fjárhagsnefnd bærust enn fremur bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi íslenskra iðnrekenda. Bæði félögin mæla með samþykkt frumvarpsins og benda á „þá miklu fyrirhöfn, kostnað og ábyrgð, sem lögð er á herðar vinnuveitendum með innheimtu opinberra gjalda, og vekur í því sambandi athygli á nýföllum dómum um greiðsluábyrgð atvinnurekenda á sköttum starfsfólks“, eins og segir í bréfi Félags íslenskra iðnrekenda.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur eðlilegt, að atvinnurekendum verði greidd nokkur þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, en telur málið ekki nægilega vel undirbúið. Jafnframt er vakin athygli á því, að unnið er að endurskoðun tekjustofnalaga og undirbúningi að breyttu greiðslukerfi opinberra gjalda.

Í trausti þess, að við þá endurskoðun verði einnig það atriði, er þetta frv. fjallar um, tekið til athugunar, leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen,
form.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.

Jón Kjartansson.

Lúðvík Jósefsson.

Guðl. Gíslason.

Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 3. nóvember 1967.

Með bréfi, dags. 26. f. m., sendi háttvirt þingnefnd frv. til laga um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda til sambandsins og beiddist umsagnar þess um frumvarpið.

Stjórn sambandsins hefur fjallað um mál þetta.

Stjórnin telur það í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að atvinnurekendum verði greidd einhver þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda hjá starfsfólki sínu. Hins vegar telur stjórnin, að mál þetta þyrfti meiri athugunar við og undirbúnings og að ákvæði frumvarpsins þyrftu að vera fyllri, t. d. um það, hver hundraðshluti þóknunar ætti að vera (3% er há þóknun), hver nánari skilyrði til greiðslu þóknunar ættu að vera, s. s. að innheimtufé sé skilað innan lögmæltis frests, hvort opinberum aðilum ætti að greiða þóknun o. fl.

Auk þessa má vekja athygli á því, að fyrir dyrum stendur heildarendurskoðun tekjustofnalaga í sambandi við væntanlega upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda.

Með hliðsjón af framanrituðu telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkt téðs frumvarps eða breytingar í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, ekki tímabærar.

Þetta tilkynnist háttvirtri þingnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson,

framkvæmdastjóri.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, Alþingi,
Reykjavík.